

# NÝLIÐA FRÆÐSLA Í SKIPUM

## FRÆÐSLA OG LEIÐBEININGAR

### Hver er nýliði til sjós?

Sá sem fer í fyrsta skipti til sjós.

Skipverji sem tekur við starfi sem hann hefur ekki sinnt áður um borð í skipinu.

Vanur sjómaður sem ræður sig til starfa á skipi sem hann hefur ekki verið á áður.



### Fræðsla þarf að miðast við aðstæður um borð í skipinu

Þegar nýr starfsmaður kemur til starfa þarf eftir fremsta megni að kynna fyrir honum þær starfs- og umgengnisreglur sem gilda á staðnum.

Sýna þarf réttu vinnubrögðin til að koma í veg fyrir skaða.

Kynna þarf merkingu og tilgang neyðarviðvörunarhljóða ef neyðarástand skapast. Mikilvægt er að halda æfingar þegar nýliðar hefja störf og samhæfa þannig alla áhöfnina.

Áður en skip lætur úr höfn skal kynna fyrir nýliða staðsetningu og notkun björgunar-, eldvarnar- og öryggisbúnaðar skipsins.

Sýna þarf neyðarútganga, eldvarnarhurðir, brunaspjöld, slökkvitæki, björgunarför, björgunarbúninga, björgunarvesti, neyðarstöðvanir fyrir eldsneytisdeglur og loftræstingu og hraðlokun eldsneytislagna og benda á hvar neyðarbúnaður er staðsettur.

Leggja skal áherslu á að nýliði kynni sér þjálfunarhandbækur skipsins.



### Dæmi um gátlista fyrir nýliðafræðslu



- Ráðningarsamningur og upplýsingar um slysatryggingu skipverja
- Öryggisfræðsla í Slysavarnaskóla sjómanna
- Vinnufatnaður, skóbúnaður, rúmföt o.þ.h.
- Tilhögun íbúða og borðsalar
- Kynning á öryggisbúnaði og notkun
- Kynning á neyðaráætlun, öryggisplani og neyðarviðvörunarhljóðum



Framhald á baksíðu

### Nánar um gátlista fyrir nýliðafræðslu

- Kynning á björgunarbúnaði og notkun:
  1. Björgunarfleka, lífbáta og léttbáta
  2. Björgunarbúninga og björgunarvesta
  3. Neyðartalstöðva
  4. Neyðarsenda og ratsjár-/AISsvara
  5. Neyðarblysa og -flugelda
- Kynning á eldvarnarbúnaði og notkun:
  1. Handslökkvitækja
  2. Brunaboða
  3. Brunaslanga og stúta
  4. Fasts slökkvibúnaðar
  5. Slökkvibúninga (reykköfunartæki, hlífðarfatnaður o.fl.)
- Neyðarútgangar
- Kynning á vélum, tækjum og búnaði á vinnusvæðum
- Neyðarstöðvun véla og tækja
- Hætta vegna starfa um borð
- Hætta vegna hálfu
- Vinnureglur, umgengnisreglur og góðar starfsvenjur
- Hugtök (sjómanna málið) sem eru notuð um borð í skipinu
- Kynning á fræðsluefni um öryggismál skipsins
- Kynning á áhættumati skipsins



### Staðfesta þarf að nýliðafræðsla hafi átt sér stað

- Í dagbók skips
- Í þjálfunarhandbók skipverja

### Opinbert eftirlit með nýliðafræðslu

Samgöngustofa:

- Aðal- og skyndiskoðanir.
- Hafnarríkiseftirlit.

Landhelgisgæsla Íslands:

- Skyndiskoðanir á hafi úti.